

fræðileg álitaefni, sem snerta sakarefnið. Framlagning þessara gagna þykir aðfinnsluverð.

Dóm þennan kváðu upp Stefán M. Stefánsson borgardómari ásamt meðdómsmönnum dr. Gunnari Sigurðssyni og dr. Ragnari Ingimarssyni verkfræðingum.

Dómsorð:

Stefndi, vita- og hafnarmálastjóri, samgönguráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnendum, Hochtief A/G og Vélækni h/f, kr. 149.455.000.00 með 7% ársvöxtum frá 8. júlí 1971 til greiðsludags.

Framangreind fjárhæð á að breytast í samræmi við þær breytingar, sem verða kunna á gengi íslenskrar krónu gagnvart vestur-þýsku marki á tímabilinu frá 8. júlí 1971 til greiðsludags.

Framangreinda fjárhæð ber að greiða innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 4. júlí 1974.

Nr. 123/1974: **Margret Cornette**

gegn

Bæjarstjóranum í Vestmannaeyjum
f. h. bæjarsjóðs.

Dómenður:

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Magnús Þ. Torfason.

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Jón R. Þorsteinsson, fulltrúi bæjarfógeta í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með

kæru, sem bókuð er í þingbók 21. júní 1974. Er bókunin þess efnis, að sóknaraðili kæri til Hæstaréttar úrskurð bæjarþings Vestmannaeyja, sem kveðinn var upp í sama þinghaldi. Skjöl málsins bárust Hæstarétti 26. f. m.

Sóknaraðili hefur ekki sent Hæstarétti kröfur eða greinargerð, og er kæra hans ekki svo úr garði gerð sem skylt er samkvæmt 22. og 23. gr. laga nr. 75/1973. Verður málinu því vísað sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur, enda hefur varnaraðili engar kröfur gert í málinu.

D ó m s o r ð :

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Úrskurður bæjarþings Vestmannaeyja 21. júní 1974.

Mál þetta, þingfest hér í bæjarþinginu í gær, er höfðað af Margreti Cornette, Hrauntúni 32, Vestmannaeyjum, nú til dvalar að Keilufelli 5, Reykjavík, á hendur bæjarsjóði Vestmannaeyja, Vestmannaeyjum, og til réttargæslu Friðriki Jessyni, Hrauntúni 32, Vestmannaeyjum.

Stefna í málinu er útgefin 14. júní s.l., og eru dómkröfur stefnanda þær, að stefnanda verði dæmt heimilt að rifta afsali fyrir húseigninni nr. 32 við Hrauntún í Vestmannaeyjum, er út var gefið af Bjarna Johansen til handa stefnda, bæjarsjóði Vestmannaeyja, dags. 3. september 1973, skilyrðislaust, en til vara innan 8 vikna frá birtingu dóms gegn því að greiða stefnda kr. 500.000.00 ásamt 8% ársvöxtum af kr. 300.000.00 frá 3. september 1973 til 1. janúar 1974 og af kr. 500.000.00 frá þeim degi til greiðsludags. Stefnda verði, hvernig sem málið fer, dæmt að greiða stefnanda málskostnað allan að skaðlausu. Á hendur réttargæslustefnda, Friðriki Jessyni, Hrauntúni 32, Vestmannaeyjum, er stefnandi segir, að muni hafa gert kaup við stefnda um téða húseign, eru engar kröfur gerðar.

Málsatvik hin helstu eru samkvæmt framlögðum skjölum þessi:

Þann 3. september s.l. afsalaði eiginmaður stefnanda stefnda, bæjarsjóði Vestmannaeyja, húseign þeirra hjóna, nr. 32 við Hrauntún í Vestmannaeyjum, sem þau bjuggu í í Vestmannaeyjum, er eldgosíð varð á Heimaey 23. janúar 1973, og þau urðu að yfirgefa. Stefndi kveður sig ekki hafa vitað um afsal þetta né var neitt

til hennar leitað til að samþykkja það, sem hún kveðst heldur ekki muni gera. Í apríl 1974 kvaðst stefnandi hafa fengið að sjá afsalið og þá séð, að eignin var afsöluð stefnda fyrir kr. 2.808.132.00, en verðmæti eignarinnar sé þá yfir kr. 4 milljónir og hafi hún heyrt, að stefndi hafi um s.l. áramót samþykkt sölu til annarra á eigninni fyrir kr. 3.500.000.00. Stefnandi kveður veðskuldir hafa verið ranglega tilgreindar í afsalinu. Stefnandi kveðst hafa falið lögmanni að mótmæla afsalinu við Vestmannaeyjakaupstað með bréfi, dags. 25. apríl 1974, þar sem boðið var upp á viðhlítandi samninga, en það bréf hafi ekki verið virt svars.

Í réttarhaldi í gær, er mál þetta var þingfest, lagði lögmaður stefnanda fram auk stefnu og greinargerðar 17 málsskjöl. Lögmaður stefnda óskaði eftir 3 vikna fresti til samningar greinargerðar. Lögmaður stefnanda mótmælti fresti nema í viku á grundvelli eventualreglunnar og taldi, að létt verk væri að semja greinargerð í máli þessu, er væri svo upplýst sem skjöl málsins beri með sér.

Lögmaður stefnda vísaði til umfangs málsins og taldi á grundvelli þess, að vikufrestur væri engan veginn fullnægjandi.

Það er venjulegt regla í íslensku einkamálaréttarfari, er byggist einnig á almennum reglum um málsmeðferð, að verjandi fái frest til samningar greinargerðar, eftir að þingfesting hefur farið fram, enda hafa málsaðiljar að jafnaði ekki rétt til að leggja fram nema eina greinargerð. Í máli þessu hefur lögmaður stefnda óskað eftir 3 vikna fresti. Með hliðsjón af því, að mál þetta virðist samkvæmt málsskjölum nokkuð umfangsmikið, þykir þessi frestbeiðni lögmanns stefnda á rökum reist, enda er hún í fullu samræmi við almennar reglur um málsmeðferð í IX. kafla laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði.

Samkvæmt því verður stefnda veittur umbeðinn frestur til samningar greinargerðar, og verður málið næst tekið fyrir í dóm-salnum við Hilmisgötu fimmtudaginn 5. september n.k., klukkan 1000 árdegis, en þá er fyrsta þinghald eftir réttarhlé, er hefst í júlí.

Málskostnaður varðandi þennan þátt málsins verður látinn bíða væntanlegs dóms.

Úrskurðarorð:

Beiðni stefnda um 3 vikna frest til samningar greinargerðar er tekinn til greina, og verður málið næst tekið fyrir fimmtudaginn 5. september n.k.